


SAMÞYKKT
14 JÚNÍ 2013
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

**BYGGINGARLÝSING:**

Matshluti: 01
Landnúmer: 215138
Staðgreinir: 8719-1-26100100

Öll mál á teikningum eru í millimetrum nema annað sé tekið fram.

Um er að ræða byggingu frístundahúss úr timbri.

Undirstöður og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu, er einangrist með 2x100mm plasteinangrun.

Útveggir eru úr 195mm timburgrind, einangraðir með 195mm steinull, klæddir að utanverðu með krossvið, loftunargrind og þá liggjandi aluzink málmklæðningu eða sambærilegu á lægri hluta húss en standandi viðarklæðningu á þeim hærri.
Að innanverðu komi rakavarnarlag, raflagnagrind og þá plötuklæðning.

Þakvirki er úr timbri, einangrað með 275mm þakull. Sperrur klæddar með borðaklæðningu, þá þakpappa af vandaðri gerð, uppstólaðri lektugrind og að síðustu báraðri málmklæðningu.

Gluggar / hurðir verða úr pvc plasti, timbri eða áli.
Í öllum gluggum er tvöfalt k-gler.
Stærð allra hurðarblaða sé a.m.k. 0,90m x 2,10m.

Léttir innveggir eru byggðir upp úr 70mm timburgrind er klæðist með plötum beggja vegna og einangrist með 70mm steinull.

Upphitun hússins verður með gólfhitakerfi sem fæðist með heitu vatni frá rafhitara eða varmadælu.
Neysluvatnslagnir eru innsteyptar í gólfi og veggjum, raflagnir innsteyptar í gólfi og í lagnagrind í veggjum/lofti.
Fram kemur á teikningum hvar niðurföll eru staðsett.
Frárennsli tengist inn á rotþró skv. lýsingu í deiliskipulagi.
Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum.

Almenn loftræsing verður um opnanleg fög en frá lokuðum rýmum komi vélræn loftræsing.

Litaval húss sé skv. ákvörðun eiganda.

Endanleg staðsetning, hæðarlega húss, bílastæði og rotþró ákvarðist í samráði við byggingarfulltrúa.

**BRUNAMÁL:**

Bygging í notkunarflokki 3 skv. töflu 9.01 í reglugerð 112/2012.
Byggingin er eitt brunahólf.
Fram kemur á teikningu hvar reykskynjarar, slökkvitæki, rýmingarleiðir og björgunarop eru staðsettir. Björgunarop eru í hverju svefnherbergi, stærð þeirra er tilgreind á grunnmynd.
Við endanlega ákvörðun um gerð og staðsetningu slökkvitækja er hægt að hafa samráð við eldvarnareftirlit.
Klæðningar innanhúss séu í flokki 2 (EI-30).

| Útgáfa: | Dagsetn: | Af: | Skýring: |
|---|---|---|---|
| Ú1 | 27.05.13 | GRG | Frumútgáfa |

CEDRUS EHF.
TEIKNI- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
MIÐTÚN 20, 800 SELFOSS. S: 482-1166
WWW.CEDRUS @ SIMNET.IS S: 863-3004

ÞRENGSLAÁS 10, Grímsnesi
801 Selfossi
Frístundahús, mhl. 01

Teikninúmer: 100-00

Aðaluppdrættir:
Afstöðumynd
Byggingarlýsing

Mælikvarði: 1:500

Hannað: Gísli Rafn Gylfason | Teiknað: Gísli Rafn Gylfason
Dagsetning: 27.05.2013 | Verknúmer: 13 016 | Frumstærð: A2
Ábyrgðarm. og rétthafi: Stefán Guðmundsson 301171-4989